

---

## Framleiðsluaukning Íslenska kalkþörungafélagsins á Bíldudal

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 5. apríl 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Íslenska Kalkþörungafélaginu ehf. um fyrirhugaða framleiðsluaukningu í verksmiðju fyrirtækisins í Bíldudal, Vesturbyggð skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ísafjarðarbæjar, Vesturbyggðar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Framleiðsluaukning Íslenska Kalkþörungafélagsins á Bíldudal. Fyrirspurn um matsskyldu. Verkís hf., apríl 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 6. maí 2019.
- Vesturbyggð með tölvupósti þann 13. maí 2019.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti þann 30. apríl 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með tölvupósti þann 30. apríl 2019.
- Orkustofnun með tölvupósti þann 23. apríl 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 8. maí og 28. ágúst 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti þann 20. júní, 17. september og 14. nóvember 2019.

#### 3 FORSAGA

Áform Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. um efnisnám allt að 2.850.000 m<sup>3</sup> kalkþörungasetts til 50 ára á fjórum svæðum á grunnsævi í Arnarfirði undirgengust mat á umhverfisáhrifum á árunum 2001-2003. Samsvaraði það vinnslu á allt að 57.000 m<sup>3</sup> kalkþörungasetts á ári og framleiðslu á um 50.000 tonna ársframleiðslu afurða í verksmiðju. Í úrskurði Skipulagsstofnunar í mars 2003 var fallist á framkvæmdina.

Iðnaðarráðuneytið veitti árið 2003 vinnsluleyfi til 30 ára fyrir námi kalkþörungasetts, allt að 82.500 m<sup>3</sup> árlega. Meðan rekstur og framleiðsla kísilverksmiðjunnar var í mótun reyndist ekki unnt að fullnýta leyfið. Árið 2016 tilkynnti Íslenska kalkþörungafélagið ehf. til Skipulagsstofnunar áform um að auka nám kalkþörungasetts um 16.000 m<sup>3</sup> á ári, úr 82.500 í 98.500 m<sup>3</sup> og framleiðslu á kalki um 35.000 tonn á ári, úr 50.000 í 85.000 tonn. Eftir sem áður yrði heildarefnistaka á leyfistímanum sú sama, þ.e. um 2,5 milljónir m<sup>3</sup> fram til ársins 2033. Skipulagsstofnun tók ákvörðun í nóvember 2016 um að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Núverandi leyfi til rekstrarins eru annarsvegar nýtingarleyfi Orkustofnunar, áður vinnsluleyfi, gefið út árið 2003 og hinsvegar starfsleyfi Umhverfisstofnunar til verksmiðjunnar á Bíldudal til framleiðslu á allt að 85.000 tonnum af kalki og öðrum kalkafurðum árlega, endurútfengið árið 2018 og með



gildistíma til ársins 2034, auk leyfis Umhverfisstofnunar til að varpa í hafið allt að 6.000 m<sup>3</sup> af efni úr setlóni við verksmiðjuna á skilgreindan losunarstað út af Kópsnesi við mynni Arnarfjarðar.

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila nam heildarefnisnám kalkþörungasetts um 770.000 m<sup>3</sup> í lok árs 2018. Fram kemur í umsögn Orkustofnunar að árin 2017 og 2018 hafi efnistaka hinsvegar verið umfram heimilað árlegt efnismagn samkvæmt gildandi nýtingarleyfi.

#### 4 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlagði greinargerð Íslenska kalkþörungafélagsins ehf. kemur fram að fyrirtækið hafi áform um að auka efnistöku og framleiðslu á kalki og kalkafurðum umfram það sem núverandi leyfi heimila.

Gert er ráð fyrir að innan fárra ára geti heildarframleiðsla verksmiðju fyrirtækisins numið allt að 120.000 t á ári. Fyrirhuguð framleiðsluaukning á kalki og kalkafurðum nemi um 35.000 t á ári. Til þess að ná því magni þurfi að auka efnisnám kalkþörungasetts um allt að 57.000 m<sup>3</sup> á ári til ársins 2033, í 139.320 m<sup>3</sup> árlega. Fáist heimild til framleiðsluaukningar, verði efnisnám á kalkþörungasetti alls um 1.800.000 m<sup>3</sup> á tímabilinu 2019–2033. Heildarvinnsla kalkþörungasetts úr Arnarfirði verði þá um 2.500.000 m<sup>3</sup>. Aukning á árlegri efnistöku sé fyrirhuguð innan þriggja svæða sem tilgreind eru í núverandi nýtingarleyfi Orkustofnunar.

##### Hráefnisgeymslusvæði og efnisflokkun

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að dæluskip landi efninu í setlón við verksmiðjuna á Bíldudal. Efninu sé mokað upp við verksmiðjuna þar sem sjór sígi úr því áður en vinnsla fari fram. Efnið sé flokkað þannig að stærri skeljar og grjót sé tekið til hliðar. Efni sem sé undir 50 mm sé aðskilið í tvo flokka þ.e. fínefni, minni en 0,63 mm og grófari efni, þ.e. 0,63 mm til 50 mm. Auk þess geti sandur borist með fínefnum inn í framleiðsluferlið en hann sé skilinn frá og dælt aftur um borð í skipið og losaður utan við Kópsnes í samræmi við leyfi Umhverfisstofnunar. Flokkun á efni og hlutfallsleg skipting þess er eftirfarandi:

Flokkur	Stærð	Notkun	Hlutfall af heild (%)
Fínefni	< 0,63 mm	Fer í framleiðslu á fóðri. Fer í gegnum verksmiðju. Stundum kemur sandur með fínefninu en hann flokkast frá og fer til baka í hafið.	7-10
Grófara efni	0,63 mm – 50 mm	Fer í framleiðslu á fóðri. Fer í gegnum verksmiðju.	89,8-92,8
Grófefni (grjót og skeljar)	> 50 mm	Grjótið er sett í landfyllingu. Stærri skeljum og sandi varpað í hafið.	0,2

##### Rykhreinsun, hljóðvist og úrbótaáætlun

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi fyrirkomulag við hreinsun á ryki frá verksmiðju félagsins í Bíldudal sé þannig að fínt ryk sem verði til í þurrkara berist með heitu lofti að rykhreinsivirki. Í fyrsta þrepi rykhreinsunar fari heita loftið í gegnum skiljur, þar sem rykagnir skiljist frá loftinu og falli til botns, síðan taki við vothreinsun. Í eimsvalahlutanum sem sé efst í turninum sé miklu magni af vatni úðað yfir loftið á leið upp í stromp og sé úðanum ætlað að fella út rykfullta dropa og þetta vatnsgufu svo ekki verði vart við hana upp úr strompi.

Áform séu uppi um að stækka húsnæði verksmiðjunnar. Kalkþörungaverksmiðjan hafi sótt um byggingarleyfi fyrir 1.750 m<sup>2</sup> húsnæði og telur framkvæmdaraðili að stækkun verksmiðjunnar og endurnýjun tækjabúnaðs muni auka afköst með betri stýringu á rakastigi efnis. Stefnt sé að



endurnýjun þurrkara og hreinsibúnaðar á næstu 5 árum. Þá sé ráðgert að setja upp nýjan þurrhreinisbúnað samhliða framleiðsluaukningu. Einnig sé unnið að því að bæta afsogskerfi verksmiðjunnar og leiða allt loft í gegnum pokasíur.

Fram kemur að verksmiðjan sé nærri íbúðarbyggð og í rekstri allan sólarhringinn, alla daga vikunnar og hafi hávaði frá starfseminni valdið íbúum ónæði. Framkvæmdaraðili hefur sett fram úrbótaáætlun með aðgerðum til að bæta úr vandamálum sem hafa verið á rekstrinum sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt með skilyrðum. Í áætluninni kemur m.a. fram að framkvæmdaraðili ætli sér að:

- Mæla ryk sem berst úr skorsteinunum þremur, til að sannreyna að hreinsibúnaðurinn virki sem skyldi.
- Hægja á víftum og öðru sem framkalli hávaða frá verksmiðjunni. Þá verði einangrun í blásarastokki frá þurrkara í vatnshreinsikerfi endurnýjuð.
- Uppfæra gæðahandbók fyrirtækisins og koma á umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við kröfur starfsleyfisins.
- Setja upp árekstrarvarnir sem uppfylli ákvæði reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

## 5 UMHVERFISÁHRIF

### Nám kalkþörungasetts

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að kalkþörungasett sem numið sé af hafsbotni í Arnarfirði séu leifar af dauðum kalkþörungum sem safnast hafi fyrir á hafsbotni. Kalkþörungabreiður geti tekið þúsundir ára að myndast þar sem þessar lífverur vaxi mjög hægt eða að jafnaði um 1 mm á ári. Umhverfis kalksetið í Arnarfirði séu lifandi kalkþörungar en þeir njóti verndar skv. alþjóðlegum samningum.

Fram kemur að dæluskip sé notað við efnisnám af hafsbotni. Botnseti og sjó sé dælt í lest skipsins og þegar lestin fyllist, berist sjór út fyrir borðstokk skipsins ásamt fínkornaðasta hluta efnisins í sviflausn. Grófara efnið verði eftir og því sé siglt í land. Flekkur myndist í kringum skipið við dælingu og fari sýnileiki hans eftir veðri, vindum og straumum. Að jafnaði fari stærð hans ekki yfir 100 m frá dæluskipinu. Í flekknum séu fínefni sem dreifist með straumum og falli að endingu til botns. Við vöktun á efnistökusvæðum kalkþörungum hafi komið fram að fínefni á botni vegna dælinga sé hverfandi og valdi ekki neikvæðum áhrifum á lífríki botnsins.

Búið sé að nýta um 1/3 af því kalkþörungasetti sem heimilað sé að nýta skv. nýtingarleyfi Orkustofnunar og séu liðin um 15 ár af 30 ára leyfi. Því stefni rekstraraðili að því að nýta 2/3 af leyfinu með hraðara efnisnámi kalkþörungasetts á næstu 15 árum. Þetta breyti að mati Umhverfisstofnunar forsendum fyrra mats, þó að jarðfræðiþátturinn breytist ekki þar sem um sé að ræða sama heildarmagn efnistöku. Álag á lífræna þáttinn muni hinsvegar aukast talsvert við hraðara efnisnám. Gera megir ráð fyrir því að hraðari efnistaka muni valda miklu álagi á vistkerfi hafsbotnsins og að gruggmyndun verði meiri, en gruggmyndun hafi skaðleg áhrif á kalkþörungum. Það sé því mat Umhverfisstofnunar að taka ætti afstöðu til áhrifa framleiðsluaukningarinnar á kalkþörungasettið og það lífræna álag sem hraðara nám veldur.

Umhverfisstofnun ítrekar það sem fram kom í umsögn stofnunarinnar um tilkynningu framkvæmdaraðila árið 2016 þar sem vísað hafi verið í skýrslu OSPAR-nefndarinnar frá 2010 *OSPAR's vision is of a clean, healthy and biologically diverse North-East Atlantic used sustainably*. Fram komi í skýrslunni að kalkþörungabreiður teljist mikilvæg búsvæði fyrir ýmsar sjávarlífverur og telur Umhverfisstofnun OSPAR taka skýrt fram að merki séu um hnignun kalkþörungabúsvæða á Íslandi og því vert að sýna aðgát við framkvæmdir sem hafa áhrif á þau. Nám kalksetsins á hafsbotni



auk aukinna umsvifa verksmiðjunnar við framleiðsluaukningu sé, að mati Umhverfisstofnunar, líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og ætti því að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Vesturbyggð bendir á í umsögn sinni að verndargildi kalkpörungasvæða í Arnarfirði sé óljóst og að mikilvægt sé að afla upplýsinga til að hægt sé að meta áhrif brottnáms kalkpörungasetts.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila er áréttað að ekki standi til að vinna meira magn af kalkpörungaseti úr Arnarfirði en fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum á sínum tíma og því telji framkvæmdaraðili að forsendur og niðurstöður fyrra mats standi enn. Því sé óþarft að fjalla aftur um þátt kalkpörunganáms af hafsbotni. Fyrirtækið ítrekar að mikilvægt sé að gera greinarmun á lifandi, lausum kalkpörungum á botni (kóralpörungum) og dauðum kalkpörungum (kalkpörungaseti). Kóralpörungar geti myndað breiður á hafsbotni, sem hafa mikilvægt vistfræðilegt gildi.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að vöktun á Langanesgrunni í Arnarfirði sýni að skurðir eftir dæluskip séu samsíða dýptarlínur. Utan þeirra hafi efnistakan ekki valdið tjóni á kóralpörungum og fínkorna set sem berist frá dælingunni hafi ekki safnast fyrir á nærliggjandi kóralpörungum. Því séu engin merki þess að dæling af hafsbotni kæfi lifandi kalkpörunga við efnistökuskurði. Ekkert bendi til þess að meiri efnistaka á ári breyti því.

### **Loftgæði**

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að losun ryks í útblæstri frá verksmiðju fyrirtækisins hafi ítrekað verið yfir losunarmörkum starfsleyfis. Unnið sé að úrbótum en hreinsikerfi hafi ekki virkað sem skyldi. Kvartanir hafi borist vegna sýnilegrar mengunar í útblæstri frá verksmiðjunni. Þrjú útblástursop séu á verksmiðjunni: Eitt frá mölun, eitt frá þurrkara og eitt frá kornun (e. granulation). Mælingar Umhverfisstofnunar hafi staðfest að mengunin komi úr síðastnefnda útblástursopinu.

Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni mikilvægt að rykmengun frá verksmiðjunni haldist innan losunarmarka og telur að ekki hafi verið sýnt fram á með sannfærandi hætti að svo verði. Verksmiðjan hafi ekki náð að uppfylla kröfur í starfsleyfi við núverandi framleiðslu upp á tæp 50.000 t á ári. Stofnunin telur að koma þurfi fram skýrar tímasettar áætlanir varðandi hreinsun á útblæstri til að koma í veg fyrir frekari frávik frá ákvæðum um mengunarvarnir í starfsleyfi í ljósi fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila er vísað til bréfs Umhverfisstofnunar, dags. 12. apríl 2019, sem segi að fengist hafi fullnægjandi upplýsingar um úrbætur með nýjum mælingum í útblásturslofti þurrkara sem gerðar hafi verið í janúar 2019. Í bréfi stofnunarinnar frá 3. maí 2019 komi fram að Umhverfisstofnun geri kröfu um að framleiðsla á sementi, kalki og magnesíum sé í samræmi við bestu aðgengilega tækni (BAT). Því hafi BAT fyrir starfsemi Íslenska kalkpörungafélagsins verið skilgreind og verði héðan í frá unnið í samræmi við þær kröfur.

Fram kemur í frekari umsögn Umhverfisstofnunar í ágúst 2019 að umrætt frávik vegna mengunar í útblæstri sé ekki einstakt heldur hafi stofnunin ítrekað gert athugasemdir við útblástur verksmiðjunnar. Þegar sótt hafi verið um núgildandi starfsleyfi verksmiðjunnar árið 2017 hafi komið fram að búið væri að komast fyrir rykmengun frá verksmiðjunni. Eftir að starfsleyfi var gefið út 11. maí 2018 hafi Umhverfisstofnun í tvígang gert athugasemd við ryk í útblæstri. Því telur stofnunin að mikil óvissa sé varðandi ryk í útblæstri vegna framkvæmdarinnar og telur svar Íslenska kalkpörungafélagsins ekki hafa eytt þeirri óvissu, þrátt fyrir úrbótaáætlun þess efnis.

Í umsögn Vesturbyggðar segir að skýra þurfi nánar hvernig hráefnishaugum verði skýlt m.t.t. þess að draga úr foki af svæðinu.



Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að hráefnið sem geymt sé á planinu stjórnist af ýmsum forsendum sem erfitt sé að hafa fulla stjórn á. Íslenska kalkpörungafélagið hafi óskað eftir því að sveitarfélagið hefjist handa við landfyllingu í samræmi við deiliskipulag fyrir hafnarsvæði Bíldudals. Sú landfylling muni jafna þessar sveiflur, þ.e.a.s. haugarnir verði lægri. Lagerinn sjálfur sé í endurskipulagningu. T.d. sé verið að koma því þannig fyrir að fínefni sé unnið sér. Þannig megi gera auknar ráðstafanir varðandi rykbindingu við uppsprettu. Til standi að koma upp vindbrjót sem skýli hráefnishaugum og draga þannig úr hættu á rykmengun. Þessi mannvirki séu í hönnun og því ekki ljóst enn sem komið er hvernig þau muni líta út. Haft verði samráð við Vesturbyggð um útfærslu. Fram kemur að ráðgert sé að koma upp mun öflugri hreinsibúnaði samhliða stækkun verksmiðjunnar. Nýjar mælingar frá janúar og október 2019 sýni að mæld gildi séu innan starfsleyfismarka.

### **Hljóðstig**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að verksmiðjan sé nærri íbúðarbyggð og hávaði frá starfsemi hafi valdið íbúum ónáði. Fylgst sé reglulega með hljóðstigi innan verksmiðjunnar, við lóðarmörk hennar og á völdum stöðum í þorpinu. Hljóðstig hafi mælst innan starfsleyfismarka og viðmiðunargilda reglugerðar um hávaða, með fáum undantekningum.

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að kvartanir um hávaða hafi borist árið 2018 og 2019. Stofnunin telur að greina þurfi ítarlega frá mótvegisaðgerðum vegna hávaða og hvernig tryggt verði að hljóðstig frá starfsemi verði innan leyfilegra marka.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða vísar í umsögn sinni til framlagðra gagna framkvæmdaraðila og telur ekki vera samræmi á milli dynlínukorts sem þar er birt og hljóðstigs frá verksmiðjunni skv. mælingum Umhverfisstofnunar. Lagt sé til að vakta hávaða frá verksmiðjunni með síritandi hljóðmælum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að hávaðinn stafi frá blásara og þurrkara. Tekið er undir mikilvægi þess að hljóðstig í íbúðarbyggð frá starfsemi haldist innan marka. Að sögn sé sá möguleiki fyrir hendi að hávaði sé að einhverju leyti mismunandi frá degi til dags. Telur framkvæmdaraðili að dynlínukort sem unnið hafi verið sé engu að síður sá mælikvarði sem gefi sannasta mynd af ástandinu. Til grundvallar því séu hljóðmælingar sem gerðar voru að nóttu og degi til. Mæligildin hafi verið notuð til að reikna dreifingu hljóðstigs frá kalkpörungaverksmiðjunni og meta hlutdeild hennar í hávaðanum frá hafnarsvæðinu á Bíldudal. Í úrbótaáætlun komi fram að fyrirhugað sé að hægja á viftum og öðru sem framkalli hávaða frá verksmiðjunni. Þá verði einangrun í blásarastokki frá þurrkara í vatnshreinsikerfi endurnýjuð.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að skv. dynlínukortum sé hljóðstig frá verksmiðjunni innan marka nema fyrir tvö hús en skv. eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar sé það ekki raunin. Því telur stofnunin að enn sé óvissa varðandi hljóðstig frá starfsemi og hafi svar framkvæmdaraðila ekki eytt þeirri óvissu. Umhverfisstofnun telur mælingar gefa betri mynd af hljóðstigi frá rekstrinum en reiknað dynlínukort. Á meðan mælingar sýni aðra niðurstöðu en reiknað dynlínukort telji stofnunin ástæðu til að horfa til mælinganna.

### **Gruggmyndun við setlón**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að þegar seti er dælt í setlón við verksmiðjuna sleppi grugg út um kant lónsins sem liti sjóinn fyrir framan hafnargarðinn og sé áberandi við höfnina. Styrkur svifagna í sjó fyrir utan setlón skal við uppdælingu vera minna en 2 mg/L skv. starfsleyfi. Með þessu sé fylgst og ráðstafanir gerðar til að draga úr gruggmyndun.

Umhverfisstofnun bendir í umsögn sinni á að skv. mælingum hafi svifagnir mælst yfir mörkum.

Rekstraraðili telji þennan breytileika á styrk gruggs við höfnina vera vegna þess að önnur starfsemi á Bíldudal hafi einnig áhrif á gruggmyndun. Telur Umhverfisstofnun slíka útskýringu ekki standast



Því mæling eigi að fara fram rétt fyrir dælingu og svo strax að dælingu lokinni þannig að aukning á svifögnum sé einungis komin til vegna dælingarinnar. Þá sé því ranglega haldið fram í greinargerð framkvæmdaraðila að niðurstöður mælinganna séu innan marka skv. starfsleyfi. Tekið sé fram í greinargerð framkvæmdaraðila að við framleiðsluaukningu sé gert ráð fyrir því að áhrif gruggmyndunar verði áfram óveruleg. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdaraðili verði að geta sýnt fram á að styrkukning svifagna haldist innan 2 mg/L á öllum fjórum sýnatökustöðum. Ekki nægi að miða við meðaltal þeirra sýna.

Hafrannsóknastofnun telur í umsögn sinni mikilvægt að grugg í sjó við Bíldudalshöfn sé vaktað og verði innan viðmiða starfsleyfis.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að setkjarnar sem teknir hafi verið af botni Bíldudalshafnar og athuganir kafara hafi leitt í ljós að grugg frá verksmiðjunni hafi ekki áhrif á hafsbotn næst verksmiðjunni. Ekki sé hægt að fullyrða að styrkukning svifagna í sjó hafi ítrekað verið yfir mörkum árið 2018. Í flestum tilfellum hafi styrkur svifagna í sjó verið minni að dælingu lokinni. Í einu af átta sýnum hafi aukningin verið jöfn viðmiði og yfir í tveimur, þó ekki á sama stað í höfninni. Bendi þetta til þess að blöndun eigi sér stað í höfninni og erfitt geti verið að túlka áhrif dælingarinnar og aðskilja þau frá annarri starfsemi við höfnina.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ljóst sé af loftmyndum að mikið grugg berist frá verksmiðjunni og berist meira en einn og hálfan kílómetra út með Arnarfirði. Af því megi gera ráð fyrir áhrifum af völdum þess á lífríki þrátt fyrir að áhrif þess hafi ekki greinst í setkjörnum í Bíldudalshöfn. Umhverfisstofnun telur að óvissa sé um áhrif gruggs frá verksmiðjunni.

## 6 SKIPULAG OG LEYFI

Efnistaka og losun í hafið á sér stað utan sveitarfélagamarka Vesturbyggðar og Ísafjarðarbæjar. Hafin er vinna við gerð strandsvæðisskipulags fyrir Vestfirði sem mun taka til Arnarfjarðar, utan marka sveitarfélaga.

Verksmiðjan á Bíldudal og athafnasvæði tengt henni er í samræmi við Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006–2018 en nýbygging sem sýnd er á mynd 6.1 í greinargerð er ekki í samræmi við deiliskipulag svæðisins.

Aukning á árlegri efnistöku á kalkpörungaseti í Arnarfirði kallar á breytingar á 1. gr. nýtingarleyfis Orkustofnunar. Auk þess sem árleg framleiðsluaukning á kalki og kalkafurðum í verksmiðju félagsins kallar á breytingu á starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Framkvæmdir við verksmiðju á Bíldudal eru háðar framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi auk byggingarleyfis skv. lögum um mannvirki og byggingarreglugerð.

## 7 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform Íslenska kalkpörungafélagsins ehf. um að auka magn árlegs kalkpörunganáms í Arnarfirði og auka framleiðslu kalkafurða í verksmiðju fyrirtækisins á Bíldudal. Árleg efnistaka færi úr 82.500 m<sup>3</sup> í 139.320 m<sup>3</sup> og framleiðslu kalkafurða úr 85.000 t í 120.000 t á ári til ársins 2033. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 2.01 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingu náttúruauðlinda, mengun og ónæði sbr.



1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, alþjóðlegum viðmiðum og álagsþoli náttúrunnar, einkum með tilliti til kjörlendis dýra sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og tímalengd og tíðni áhrifa á tileknu svæði, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða nýtingu á kalkpörungaseti í Arnarfirði þar sem ráðgert er að auka árlegt umfang efnistöku. Heildarefnistakan verður hinsvegar óbreytt frá fyrri áformum. Umfangsmikil nýting kalkpörungasetis af hafsbotni er ekki sjálfbær nýting auðlindar, sé litið til þess hversu hægt kalkpörungasetið endurnýjast. Kalkpörungar eru hægvoxta og búsvæði þörunganna viðkvæm fyrir raski, en hafa ber í huga að efnistakan fer fram þar sem finna má breiður af dauðum kalkpörungum en felst ekki í því að hreyfa við lifandi kalkpörungum.

Upphafleg áform Íslenska kalkpörungafélagsins um nám kalkpörunga í Arnarfirði undirgengust mat á umhverfisáhrifum á árunum 2001-2003. Í því umhverfismati var talið óvíst hver áhrifin af vinnslunni yrðu á lifandi kalkpörunga og botndýralíf sem þrífst innan þeirra, vegna dreifingar fínafna við efnistöku. Vöktun á efnistökusvæðum fyrirtækisins á Langanesgrunni hefur leitt í ljós að efnistakan hefur ekki valdið tjóni á lifandi kalkpörungum utan þeirra skurða sem efnistakan hefur skilið eftir sig og fínafni sem berst frá dælingunni hefur ekki safnast fyrir á nærliggjandi kóralþörungum. Óvissa um áhrif er því minni en áður var talið og líklegt að takmörkuð áhrif séu á botndýralíf og kalkpörunga utan efnistökusvæða.

Ítrekuð frávik frá starfsleyfi hafa komið upp vegna núverandi framleiðslu kalkafurða í verksmiðju Íslenska kalkpörungafélagsins á Bíldudal. Til að ráða bót á þeim vandamálum sem verið hafa á rekstri verksmiðjunnar hefur framkvæmdaraðili sett fram úrbótaáætlun. Frávikin hafa verið af ýmsum toga en það eru fyrst og fremst tvö atriði sem hafa verið í ólagi sem Skipulagsstofnun telur rétt að horft sé til varðandi fyrirhugaða framleiðsluaukningu og möguleg umhverfisáhrif. Það eru hávaði og ryk í útblæstri frá verksmiðjunni.

Verksmiðjan á Bíldudal er nærri íbúðarbyggð og fyrir liggur að hávaði frá starfsemi hefur valdið íbúum ónæði. Niðurstöður mælinga benda til þess að hávaði frá verksmiðjunni að nóttu til í íbúðarbyggð hafi í nokkrum tilvikum farið yfir mörk reglugerðar. Líkt og fyrr segir hefur verið sett fram úrbótaáætlun sem felur meðal annars í sér aðgerðir til að draga úr hávaða. Eftir á að koma í ljós hver endanlegur árangur af úrbótum verður en samkvæmt eftirfylgniskýrslu Umhverfisstofnunar frá því í 11. október 2019 eru vísbendingar um að þær úrbætur sem hafa verið gerðar séu farnar að skila árangri. Skipulagsstofnun telur ljóst að hávaði kunni að berast frá verksmiðjunni eftir fyrirhugaða framleiðsluaukningu og að sá hávaði kunni að valda ónæði. En með hliðsjón af því að umrædd áhrif ná ekki yfir stórt svæði og að ekki er um að ræða mikinn fjölda fólks sem kann að verða fyrir ónæði og sérstaklega þar sem mögulegt er að draga enn frekar úr áhrifum á hljóðvist telur Skipulagsstofnun fyrirhugaða framleiðsluaukningu ekki líklega til að hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér vegna hávaða. Skipulagsstofnun telur rétt að rekstri verksmiðjunnar verði hagað með tilliti til árangurs við að halda niðri hávaða. Því telur Skipulagsstofnun ekki þörf á að fyrirhuguð framleiðsluaukning undirgangist mat á umhverfisáhrifum vegna áhrifa á hljóðstig en að rétt sé að bíða með að veita heimild til framleiðsluaukningar á meðan frávik vegna hávaða frá núverandi starfsemi er óleyst. Stofnunin telur að við leyfisveitingar þurfi að horfa til þess að setja ákvæði um stöðvun framleiðslu á næturnar takist ekki að halda hljóðstigi niðri á þeim tíma sólarhrings.

Ryk í útblæstri verksmiðjunnar hefur ítrekað farið yfir losunarmörk starfsleyfis og kvartanir borist vegna sýnilegrar mengunar í útblæstri. Unnið hefur verið að úrbótum. Jafnframt hefur framkvæmdaraðili boðað að við framleiðsluaukningu verði tekin í notkun nýr búnaður og að rykmengun aukist við framleiðsluaukningu en að líklegt sé að ryk verði innan viðmiðunarmarkna ef nýr búnaður virkar sem skyldi. Fram kemur að tiltölulega auðvelt eigi að vera að hemja fok úr



efnishaugum verksmiðjunnar með vindbrjótum og lægri haugum líkt og áformað er að gera á athafnasvæði utandyra. Skipulagsstofnun telur að mögulegt sé að draga úr neikvæðum áhrifum vegna útblásturs. Með því notast við vandaðan búnað, viðhafa vandað verklag og vakta útblástur ásamt því að bregðast rétt við frávikum ætti að vera hægt að tryggja að umhverfisáhrif framleiðsluaukningar verði ekki veruleg. Þar af leiðandi telur Skipulagsstofnun ekki þörf á að meta umhverfisáhrif framleiðsluaukningar vegna ryks en að rétt sé að bíða með að veita heimild til framleiðsluaukningar á meðan frávik vegna útblásturs og ryks frá núverandi starfsemi eru óleyst.

Auk hávaða og ryks í útblæstri hefur grugg við hafnarsvæði, sem rekja má til setlóns fyrirtækisins, mælst ofan viðmiðunarmarka starfsleyfis. Við framleiðsluaukningu er líklegt að dæluskip muni landa oft og því mögulegt að grugg muni aukast. Skipulagsstofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnun um mikilvægi þess að halda gruggi innan viðmiðunarmarka. Að mati Skipulagsstofnunar er þó ólíklegt að grugg frá setlóni hafi veruleg umhverfisáhrif. Um er að ræða grugg fyrir utan höfn þar sem stunduð er margvísleg starfsemi og Skipulagsstofnun telur að mögulegt sé að draga úr áhrifum með úrbótum. Þar af leiðandi telur Skipulagsstofnun ekki þörf á að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar vegna mögulegrar gruggmyndunar en að rétt sé að bíða með að veita heimild til framleiðsluaukningar á meðan frávik vegna gruggmyndunar frá núverandi starfsemi er óleyst.

Skipulagsstofnun telur afar mikilvægt að verktilhögun framkvæmdaraðila verði með þeim hætti sem boðað hefur verið og að hljóðstig og rykmengun frá verksmiðjunni haldist innan viðmiðunarmarka. Skipulagsstofnun telur að unnt sé að draga úr neikvæðum eiginleikum áhrifa verksmiðjunnar með ákvæðum um viðmiðunarmörk í starfsleyfi og jafnvel með því að draga úr framleiðslu reynist fyrirtækið ekki fært um að halda starfsemi innan viðmiðunarmarka. Líkt og fram hefur komið telur Skipulagsstofnun rétt að áður en heimild verður veitt til að auka við framleiðslu verði búið að komast fyrir vandamál sem leitt hafa til frávik frá starfsleyfi viðnúverandi starfsemi.

### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. janúar 2020<sup>1</sup>.

Reykjavík, 29. nóvember 2019

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson

---

<sup>1</sup> Kærufrestur framlengdur frá 6. janúar 2020. Breytt 5. desember 2019 eftir undirritun ákvörðunar.